



Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

### ***Varðar aðgengi kjósenda í hjólastólum***

Við framkvæmd alþingiskosninga haustið 2021 bárust yfirkjörstjórnnum og skrifstofu borgarstjórnar sem annast framkvæmd kosninga þó nokkrar athugasemdir og ábendingar frá kjósendum með fötlun sem varða meðal annars uppsetningu kjörklefa fyrir fólk sem notar hjólastól. Skrifstofa borgarstjórnar tók athugasemdirnar til sín og hefur á þeim tíma sem liðið hefur milli kosninga unnið að úrbótum sem sjá má í meðfylgjandi tillögum. Skrifstofan óskar eftir að fá að kynna tillögurnar fyrir nefndinni eins skjótt og auðið er. Jafnframt er óskað eftir því að nefndin fjalli um málið og veiti ef mögulegt er álit á þeim tillögum sem liggja fyrir eða eftir atvikum komi með ábendingar um það sem betur má fara.

Virðingarfyllt,

Hildur Lilliendahl Viggósdóttir  
verkefnastjóri kosninga og gæðamála  
skrifstofu borgarstjórnar

Hjálagt: Tillaga að uppsetningu